

Aðalfundur Leikfélags Selfoss haldinn í leikhúsinu við Sigtún 3. júní kl. 20:00

Guðný Lára Gunnarsdóttir formaður setti fundinn og stakk upp á Sigríði Karlsdóttur sem fundarstjóra og Hrafnhildi Karlsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

1. Hrafnhildur Karlsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar sem var samþykkt samhjóða.
2. Guðný Lára flutti skýrslu stjórnar sem að þessu sinni nefndist „ Skýrsla stjórnar 2019-20 á fordæmalausum tímum Kórónuveirunnar“. Þær breytingar áttu sér stað á aðalfundi félagsins þann 15. maí 2019 að Guðný Lára Gunnarsdóttir tók við sem formaður, með henni í stjórn sátu: Sigrún Sighvatsdóttir varaformaður, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri, Sara Blandon ritari, Birgitta Brynjarsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Hafsteinn Óskar Kjartansson, Sigríður Hafsteinsdóttir og Stefán Ólafsson. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn þann 28. maí 2019. Formaður kom með tillögu um skiptingu stjórnar sem var samþykkt einróma. Farið var yfir fundarefni aðalfundar og talað var sérstaklega um hversu ánægjulegt það hefði verið að fá góða mætingu á fundinn og þá einnig gleðiefni að þó nokkrir nýir vinir gengu í félagið. Haldnir voru 22 fundir á leikárinu ásamt nokkrum fundum í netheimum. Stuttverkahátíðin Hugarflug var haldin þann 4. júní 2019. Sýnd voru fjögur metnaðarfull stuttverk fyrir góðan hóp áhorfenda. Einnig mátti hlýða á tónlistarflutning nokkurra sem sótt höfðu söngnámskeið á fyrra leikári hjá Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu. Fimm sumarnámskeið voru haldin sumarið 2019 fyrir börn á aldrinum 7-16 ára. Leiðbeinendur voru þær Guðný Lára, Kristbjörg Sigtryggisdóttir, Raketlín Stefánsdóttir, Sigrún Sighvatsdóttir og Gerður Halldóra Sigurðardóttir. Það er alltaf mikil aðsókn að þessum námskeiðum og tókust þau afar vel að vanda og mátti sjá bæði brosmild börn og ungmenni fara heim í enda hvers námskeiðs með gleði í hjarta. Í júní 2019 fóru 10 félagar í leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Þrjú sóttu námskeið í leikritun 2, þrjú fóru á leiklist 1, þrjú fóru á sérnámskeið hjá Rúnari Guðbrandssyni og þá var einn höfundur í heimsókn. Einn úr félaginu fór á námskeið hjá Borgarleikhúsinu sem kallast Lucid Body: Physical Acting. Kennari var Kennedy Brown stjórnupjálfari frá Los Angeles og þótti námskeiðið takast með afbrigðum vel. Ný heimasíða var smíðuð og sett í loftið um miðjan september af félagi okkar Stefáni Erni Viðarssyni. Einnig hannaði hann miðasölukerfi sem var tekið í gagnið á árinu með góðum árangri. Ákveðið var að bjóða ekki upp á greiðslur á netinu í fyrstu atrennu en möguleikinn er til staðar. Stefán Örn kenndi stjórn félagsins á kerfið og er sérlegur kerfisherra félagsins. Haustfundur var haldinn þann 19. september þar sem starfsemi vetrarins var kynnt. Ágæt mæting var á fundinn og spenningur í mannskapnum fyrir komandi leikári. Það er alltaf þörf á smá tiltekt hér og þar en þetta haustið var orðin alger nauðsyn á að taka alvarlega til hendinni. Ákall var sent á félagi, biðlað til allra þeirra sem ættu tíma aflögu að koma í leikhúsið þann 28. september, í alsherjar tiltekt. Fáir mættu utan stjórnar, en ekki stóð á því að húsið var tekið í gegn, hvert

skúmaskot á fætur öðru hreinsað og þrifið, ónýtu drasli hent úr geymslum, raðað bætt og lagað. Það voru ansi ánægðir félagar sem fóru síðustu ferðina á haugana þann daginn. Tiltekt líkt og þessi ætti að vera árlegur viðburður í starfi félagsins, því við áttuðum okkur á að það er heldur dýrt að henda mörgum kílóum í einu á haugana. Rúnar Guðbrandsson var ráðinn leikstjóri vetrarins og byrjaði hann starfið með vel heppnaðri leiksmiðju dagana 27.-28. október. Mikið af nýju fólki mætti í hús ásamt góðum hópi af reynsluboltum leikfélagsins. Hópurinn hittist aftur mánuði síðar og þá fóru línur að skýrast varðandi hlutverk og önnur störf sýningarinnar. Nýtt ár mætti í janúarmánuði 2020 með veikindum, vondum veðrum, nánnum samskiptum, mikilli samveru og Djöflaeyjunni eftir Einar Kárason. Hvert óveðrið á fætur öðru skall á, vegir lokuðust, skólum var skellt í lás, fólk hélt sig heima, inflúensan tók sinn toll og fleiri óþverrar bönkuðu upp á eða komu inn bakdyramegin. Hópurinn lét það þó ekkert á sig fá og hélt ótrauður áfram að kynnst skrautlegum karakterum Djöflaeyjunnar. Eftir á að hyggja var þetta líklega bara upphitun fyrir fordæmalaus mánuði, tíma samkomubanns og heimsfaraldurs?! Öllu var tjaldað til á æfingatímabilinu enda metnaðarfullt og þekkt leikverk, sem margir þekka aftur á bak og áfram, og því var vel valinn maður í hverju rúmi. Töluvert af tónlist eftir Memfismafiuna prýddi leikverkið og var Kristjana Stefánsdóttir söngkona fengin sem raddþjálfari en Stefán Örn Viðarsson og Guðný Lára Gunnarsdóttir sáu um tónlistarstjórn. Benedikt Axelsson sá um flókna en fallega lýsingu sýningarinnar og kom hann alla leið frá Danmörku til þess verks. Um 50 manns komu að sýningunni í heild og hvorki meir né minna en 24 leikarar voru á sviði þegar mest gekk á. Það er þá einnig sérstaklega skemmtilegt að segja frá því að fimm fyrrverandi og núverandi formenn leikfélagsins komu að sýningunni þetta leikár. Leikhópurinn fór fyrir frumsýningu með nokkur stutt atriði úr Djöflaeyjunni á bókabæjarhátíð sem haldin var á Tryggvaskála. Hópurinn vakti mikla og góða athygli því það er nú varla algengt að flokkur af fínu fólki í bland við fátæklegan braggaskríl hópist saman á finum veitingastað með íslenskt brennivín um hönd! Djöflaeyjan var frumsýnd 6. mars 2020 við frábærar undirtektir. Aðeins náðist að sýna leikverkið þrisvar áður en að samkomubann skall á íslensku þjóðina. Sýningin hefur fengið mikið lof þrátt fyrir aðeins þrjár sýningar og rataði í Fréttatíma Stöðvar 2. Magnús Hlynur fréttamaður mætti galvaskur á æfingu, tók upp nokkur skemmtileg atriði ásamt viðtölum við Rúnar leikstjóra, Guðfinnu Gunnarsdóttur formann BÍL og Guðný Lára formann LS. Fyrirhugað er að Djöflaeyjan rísi aftur í haust og verði sýnd í öllu sínu veldi í september og/eða október. Þann 12. október var skellt í „open mic night“ sem mætti þýða sem „opið hljóðnemakvöld“. Guðný Lára og Stefán Örn sáu um skipulag og utanumhald á allri dagskrá. Mæting var góð og reyndar framar öllum vonum. Bæjarbúar sem sjaldnar sjást í leikhúsinu mættu ásamt fleiri góðum gestum og skemmtu sér allir konunglega. Ýmislegt birtist á senunni, söngur, hljóðfæraleikur, fimleikar, rapp og uppistand svo fátt eitt sé nefnt. Dagskráin mætti á svæðið, tók myndir og fjallaði um málið. Fyrirhugað er að koma á slíku kvöldi aftur vonandi í

framtíðinni. Nokkur leiklistarnámskeið voru haldin í október, nóvember og desember, fyrir börn og unglunga á aldrinum 11-20 ára. Rakel Ýr Stefánsdóttir leikkona og félagi okkar var fengin til að stýra námskeiðunum. Góð þátttaka og almenn ánægja var með námskeiðin og enduðu þrjú leikrit inni á jólakvöldinu okkar öllum til mikillar ánægju. Hið árlega jólakvöld var haldið 11. desember. Kvöldið var að vanda kósý og skemmtilegt fullt af smákökum, kakói, ýmsum uppákomum, stuttverkum og tónlist í boði Triolas og fleiri góðra gesta. Þó nokkrar fyrirspurnir með að fá húsið lánað undir ýmsa starfsemi bárust okkur í ár, allar tengdar listastarfsemi. Yfirleitt getum við orðið við þessum fyrirspurnum en starfsemi félagsins gengur þó alltaf fyrir. Einar Mikael hélt galdrasýningu í maí, þar var fámennt en góðmennt enda Eurovision í gangi það kvöld. Áhorfendur fengu að taka þátt á sviði sem vakti mikla lukku. Tveggja daga galdranámskeið voru haldin í maí, september og nóvember fyrir 30 börn í hvert skipti á aldrinum 6-12 ára. Mikil ánægja var með námskeiðin og full mæting. Einar Mikael bauð á virkilega skemmtilega jólagaldrasýningu 19. desember. Um 40 sátu í salnum við mikinn fögnuð. Leikskólinn Jötunheimar kom í heimsókn í júní og fékk að skoða húsið. Það var rosa gaman hjá þeim. Þjóðleikhúsið fékk húsið lánað fyrir sex sýningar í byrjun október. Þrjú hópar af nemendum í 10. bekk í grunnskólum Árborgar og nágrennis sáu einleikinn Velkomin heim og þrjú hópar elstu barnanna í leikskólum Árborgar og nágrennis sáu einleikinn Ómar orðabelgur. Forvarnarfulltrúi Árborgar fékk húsið lánað 18. nóvember vegna forvarnarsýningar fyrir nemendur í 10. bekk í Árborg. Þjóðleikhúsið kom og sýndi verkið Þörupiltar þrisvar þann dag. Leikfélagið Verðandi frá Fjölbraut í Garðabæ fékk húsið lánað þann 23. nóvember. Þau sýndu verkið 1001 skór sem var samið af leikhópnum. Sýningin var lista vel gerð í alla staði en því miður var lítil sem engin mæting. Þau Guðný Lára, Stefán Örn og Gunnhildur sem skipa tríoíð Triolas héldu Þorláksmessutónleika í húsinu með frábæra mætingu, öllum að kostnaðarlausu. Tónleikunum var einnig streymt yfir netið fyrir þá sem heima sátu. Viðtökur voru vægast sagt frábærar og var skorað á þau að gera þetta að árlegum viðburði. Benni Axels kom og hélt örljósanámskeið 28. desember fyrir stjórn félagsins og fleiri áhugasama. Námskeiðið tókst vel með um 10 þátttakendum. Formanni barst fyrirspurn frá leikhópi í Argentínu. Stjórn samþykkti að hópurinn kæmi í september 2020 með sýningu og leiksmiðju. Vegna heimsfaraldurs hefur því verið frestað um ár. Ýmislegt er að fréttast af endurbótum á húsinu okkar í ár. Sveitarfélagið sendi verktaka síðastliðið sumar til að ráðast í að klára að skipta um glerið í gluggunum á húsinu. Rifið var allt frá baksviðs og glerinu skipt út fyrir nýtt. Nú ættu glerskipti að vera orðin klár í öllu húsinu. Skipt var um krana á vatnsinntakinu, skipt um heitavatnsmælinn og ljósleiðari lagður í húsið. Ljósleiðarinn er þó ekki í notkun hjá okkur. Tekið var til í ljósabúri, settar nýjar hillur og fleira nytsamlegt. Einnig var sett upp ljós við neyðarútgang í salnum og við bílastæði. Ljosið við bílastæðið virkar ekki og þarf því hugsanlega að draga í það rafmagn. Stefnt er að nokkrum leikhúsnámskeiðum fyrir börn í sumar. Guðný Lára Gunnarsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Rakel Ýr Stefánsdóttir verða með námskeiðin. Líkt og félagsmenn

vita riðlaðist starf okkar töluvert í ár vegna heimsfaraldurs, sumu þurfti að fresta meðan annað féll um sjálft sig. Samstaða og skilningur hefur þó verið áberandi hvort sem er í okkar Litla Leikhúsi við Sigtún, Íslandi, Evrópu eða allri jörðinni. Þetta sýnir okkur hvernig við mannfólkið getum staðið þétt saman þegar virkilega þarf á að halda! Aðalfundi félagsins, sem halda á í maí ár hvert, var frestað vegna ástandsins. Um miðjan maí tók sjórn ákvörðun með stuttum fyrirvara að aðalfundur yrði haldinn í byrjun júní 2020. Að endingu vill stjórn Leikfélags Selfoss þakka öllum fyrir samstarfið, skilninginn og samstöðuna á leikárinu. Þessi tími hefur verið afar lærdómsríkur, að sjálfsögðu í bland við töluvert glens og gaman. Skýrsla stjórnar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Sigrún Sighvatsdóttir og Svanhildur Karlsdóttir gerðu grein fyrir reikningum félagsins. Þeir voru samþykktir samhljóða.
4. Inntaka nýrra félaga, þeir eru:
 1. Birta Sólveig, Grenigrund 25 800 Selfoss.
 2. Nikulás Hansen, Fagurgerði 5 800 Selfoss.
 3. Kristín Þóra Albertsdóttir, Álftarima 3, 800 Selfoss.
 4. Fríða Rakel Kaaber, Bjarkarbraut 3 801 Selfoss.
 5. Ryan Patrekur, Bjarkarbraut 3 801 Selfoss.
 6. Davíð Helgason, Engjavegi 32, 800 Selfoss.

Nýjum félögum var fagnað vel með góðu lófaklappi.

5. Stjórnarkjör. Guðný Lára Gunnarsdóttir bauð sig fram til áframhaldandi formannsstarfa og er hún því sjálfkjörin formaður Leikfélags Selfoss. Sigrún Sighvatsdóttir og Sara Blandon höfðu setið í tvör ár í aðalstjórn og áttu því að ganga úr stjórn en Svanhildur Karlsdóttir og Birgitta Brynjarsdóttir sitja áfram til eins árs. Sigrún gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Sigríður Hafsteinsdóttir bauð sig fram í stjórn. Fleiri buðu sig ekki fram til setu í aðalstjórn. Nýja stjórn skipa því Guðný Lára Gunnarsdóttir, Svanhildur Karlsdóttir, Birgitta Brynjarsdóttir, Sigrún Sighvatsdóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir. Þá var komið að kjöri í varastjórn, Hafsteinn Óskar Kjartanson, Stefán Ólafsson og Finnur Hafliðason buðu sig fram í varastjórn, ekki bárst fleiri framboð. Þessir þrír skipa því varastjórna sem situr til eins árs.
6. Kosning félagslegra skoðunarmanna reikninga. Eygló Gráns og Þóra Grétarsdóttir hafa gengt þessu embætti í langan tíma og gáfu kost á sér áfram. Það var samþykkt samhljóða og fagnað með lófaklappi.
7. Árgjald. Stjórn lagði til að árgjald héldist óbreytt. Það var samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

- Guðný Lára þakkaði fundarmönnum fyrir kosninguna og sagðist hlakka til samstarfs með stjórn. Hún sagði frá því að félögum langi til þess að halda áfram með Djöflaeyjuna, æfa hana upp aftur og byrja sýningar í haust. Allir voru samþykkir því.
- Sigrún Sighvatsdóttir tók til máls þakkaði kjörið í stjórn, óskaði stjórn til hamingju með kjörið og hlakkar til samstarfsins. Haldið verður áfram með unglinganámskeið í sumar en mikil ánægja hefur verið með þau námskeið. Einnig er stefnt að söngnámskeiði. Verið er að athuga með námskeið í leiklist fyrir fullorðna.
- Sigríður Hafsteinsdóttir þakkaði kjörið í stjórn og sagði frá því að haldin verði þrjú sumarnámskeið sem þegar eru full sem er afar ánægjulegt.
- Hafsteinn Óskar Kjartansson minnti félagsmenn að vera duglegir að nota samfélagsmiðla LS.
- Guðfinna Gunnarsdóttir formaður BÍL, sagði frá því að aðalfundur BÍL frestaðist vegna ástandsins í Þjóðfélaginu en það verði haldið 18.-20.september n.k. og hvatti fundarmenn til að fjölmenna á þingið. Hún sagði frá því að Leiklistarskóli Bandalagsins verði ekki í ár vegna aðstæðna en skólinn verði opnaður á ný næsta sumar. Guðfinna sagði einnig frá því að í sumar verði leiklistarnámskeið fyrir fullorðna á vegum Listaháskóla Íslands, þetta verði ódýr námskeið sem fundarmenn voru hvattir til að skoða vel.
- Gerður Halldóra tók til máls óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og óskaði henni velfarnaðar í starfi. Gerður lýsti yfir yfirþyrmandi gleði með reikningana.
- Sigrún Sighvatsdóttir vildi þakka Gerði Halldóru fyrir ómetanlega aðstoð við vinnu við reikninga félagsins.
- Finnur Hafliðason þakkaði fyrir kjör í varastjór og er gríðarlega spenntur fyrir að halda áfram að taka þátt í starfi LS.
- Sigríður Karlsdóttir bauð nýja féлага velkomna í Leikfélag Selfoss og sagði frá hvernig það er að vera í leikfélaginu, maður fær að leika, vera í stjórn, mála, skúra, þýða, vera baksviðs og margt fleira. Allt getur gerst í leikfélaginu.
- Íris Árný Magnúsdóttir tók til máls og þakkaði LS fyrir lífið og hvernig það bjargar lífi og býr til líf.
- Eyjólfur spurði úr sæti – hvar er Guðmundur?

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs, Sigríður Karlsdóttir fundarstjóri þakkaði góða fundarsetu og fundarmenn sungu „Geng ég bæjartöngin inn“.

Fundarmenn voru 26
Fundi slitið kl. 22:00

Hrafnhildur Karlsdóttir